

björnssonar og Sigurðar Sveinbjörnssonar svo og ónafngreinds véla-
eftirlitsmanns Fiskifélags Íslands, en hann kvað hafa skoðað vélina 1942.
Lögmaður stefnda mótmælti frekari frestun málsins, og var málið því
tekið til úrskurðar um frestbeiðnina.

Þegar þess er gætt, hversu langan tíma aðilar hafa átt kost á að afla
gagna í málinu, þykja efni ekki standa til að veita frekari frest í þessu
skyni gegn mótmælum stefnanda, enda hefur ekki verið gert sennilegt,
að vandkvæði hafi verið á að afla fyrrgreindra vætta. Ber því að synja
frestbeiðni stefnda.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur skal eigi veittur.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 21/1952.

Ákærvaldið

gegn

Sigurði Norðmann Júlíussyni

og

Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur.

Kæru ákvæðis héraðsdóms um málsvarnarlaun vísað frá
Hæstarétti, sbr. 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 29. apríl 1952 var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn
upp dómur í máli, sem höfðað hafði verið gegn varnaraðiljum
af ákærvaldsins hálfu. Var varnaraðiljum dæmd refsing
samkvæmt 147. gr. laga nr. 19/1940 og gert að greiða allan
kostnað sakarinnar, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verj-
anda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 150.00. Með bréfi, er hingað barst hinn 15. þ. m., hefur
verjandinn kært ákvæði héraðsdómsins um málsvarnarlaun.

Samkvæmt 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951 getur dóms-
málaráðherra einn kært til æðra dóms eða leyft aðila að
kæra ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Eigi verður séð,

að dómsmálaráðherra hafi veitt leyfi til kærur þessarar, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 29. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu dómsins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1346—1347/1952: Ákærvaldið gegn Sigurði Norðmann Júlíussyni og Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur, sem tekið var til dóms þann 8. sama mánaðar.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn þeim ákærðu, Sigurði Norðmann Júlíussyni eftirlitsmanni, Laugavegi 30 B, og Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur húsfrú, sama stað, og eru þau samkvæmt ákæruskjali ákærð fyrir að hafa gerzt sek um ranga skýrslugerð samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa með vottorði, dags. 13. sept. 1950, lýst yfir því, að m. a. Petersen, l. matsveinn á Heklu, hafi ritað nafn sitt á reikning frá Sjálfstæðishúsinu til að votta, að rétt væri, að flaska hefði verið seld eftir lokunartíma, en upplýstst hafi, að nafn Pedersens á skjali þessu væri ekki ritað af honum sjálfum, heldur af ákærða Sigurði Norðmann Júlíussyni. Eru því nefnd Sigurður Norðmann Júlíusson og Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir ákærð til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði, til réttindasviptingar samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls málskostnaðar in solidum.

Bæði eru hin ákærðu komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Sigurður er fæddur 14. júlí 1918 á Patreksfirði, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1938 9/10 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 7/10 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, brot gegn 6. gr. laga nr. 51/1928.

1939 21/11 Kærður fyrir að hafa í ölvunarástandi tekið frakka án heimildar. Kærði skilaði frakkanum ótilkvaddur, er hann kom til sjálfs sín aftur, og málið var látið falla niður.

1946 12/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 93. gr. hegningarlaganna, sviptur kosningarrétti og kjörengi.

1950 6/10 Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 4/12 1950.

1951 27/3 Sátt: 200 króna sekt fyrir brot á 15. sbr. 36. gr. áfengislaganna.
 1951 9/10 Kærður fyrir vanskil á veitingum. Greiddi kr. 98.20. Málið fellt niður.

1951 9/10 Kærður fyrir líkamsárás. Kæran afturkölluð.

Ákærða, Guðfinna Magnúsdóttir, er fædd 11. október 1921 í Ytri- Njarðvík, og hefur hún ekki, svo vitað sé, sætt kærú né refsingu fyrir neitt brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 13. september 1950 skrifuðu ákærðu lögreglustjóranum í Reykjavík svohljóðandi bréf:

„Við undirrituð Sigurður Júlíusson og Guðfinna Magnúsdóttir, Fálkagötu 20 hér í bæ, viljum hér með votta eftirfarandi:

Í gærkvöldi, þriðjudagskvöldið 12. þ. m., fórum við á dansleik, er haldinn var þá í Sjálfstæðishúsinu hér í bæ á vegum H. S. V., sem mun vera svonefndur Hússjóður Varðarfélagsins hér í bænum.

Dansleik þessum var lokið kl. 1. Eftir þann tíma mun ekki vera heimilt að veita gestum neinar veitingar, en þegar kl. var ca 10 mínútur yfir 1, báðum við þjóninn, sem afgreiddi okkur, að færa okkur hálfa flösku af ákavíti. Tók hann þessu vel og kom með flöskuna að borði okkar kl. 1.15. Að þetta sé rétt munu geta vottað hr. Jón Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, Fanney Eysteinsdóttir, Laufásvegi 27, og Pedersen nokkur, sem er 1. matsveinn á m/s Heklu, hér í bæ. Áhorfandi að því, að flaska þessi var afgreidd á þessum tíma, var einnig hr. Björgvin Lúthersson, Bræðraborgarstíg 29 hér í bæ. Sömu leiðis hr. Halldór Magnússon, Lækjargötu 4, Hafnarfirði.

Með vottorði þessu látum við fylgja reikning þann, er við fengum, þá er við greiddum veitingar þessar, og hafa nefndir menn ritað nöfn sín á hann og vottorð um, að rétt sé, að flaskan hafi verið afgreidd til okkar á ofangreindum tíma.“

Með bréfi, dags. 19. sama mánaðar, sendi síðan lögreglustjóri sakadómara bréf ákærðu ásamt reikningi frá Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, sem vitnað er í í bréfi þeirra, en reikningur þessi leit þannig út, að fyrir neðan viðurkenningu Sjálfstæðishússins á því, að ½ flaska af aqua vitae hefði verið staðgreidd með kr. 82.00, hafði þetta verið ritað með bleki: „Viðurkenni, að þessi flaska er afgreidd kl. 1.15.“ Undir þessa yfirlýsingu voru rituð nöfn þeirra Jóns Gunnlaugssonar, Brávallagötu 12, og Fanneyjar Eysteinsdóttur, Laufásvegi 27. Fyrir utan þetta var svo einnig þetta ritað með bleki á vinstri jaðar reikningsins: „Sig. Júl., Pedersen, Heklu, Unnur Magnúsdóttir.“ Nöfn þessi stóðu langsum á reikningnum ofan frá og niður eftir jaðri hans, og var nafnið Sig. Júl. efst, en nöfnin Pedersen, Heklu, og Unnur Magnúsdóttir neðar á jaðri reikningsins, fyrri nafnið ofar, en hið síðara beint fyrir neðan.

Út af þessari kærú ákærðu fór síðan fram rannsókn hér við embættið, en áður en málinu lyktaði, andaðist veitingaþjónninn (Kristmundur Guðmundsson), sem sannað var, að afgreitt hefði þá hálfflösku af áfengi, sem í kærú ákærðu er rætt um.

Bæði hafa þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson viðurkennt að hafa ritað nöfn sín undir yfirlýsinguna, sem getið er um hér að framan. Hefur þó Fanney látið þess getið, að hún hafi ekki haft hugmynd um, hvað hún hafi verið að votta með undirskrift sinni, þegar hún ritaði undir nafn sitt á reikninginn, en kveðst þó hafa gert það umsvifalaust, þegar ákærði Sigurður bað hana um það, en Jón Gunnlaugsson segir sér hins vegar hafa verið ljóst efni yfirlýsingarinnar á reikningnum, sem hér ræðir um, þegar hann ritaði nafn sitt á hann. Bæði voru þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson stödd við borð hjá ákærðu Sigurði og Guðfinnu á dansleik, sem haldinn var í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík að kvöldi þess 12. september 1950, þegar þau rituðu nöfn sín á margnefndan reikning.

Ruben Vruj Pedersen matsveinn, Grettisgötu 31, en við hann mun vera átt með nafninu „Pedersen, Heklu“ á fyrrnefndum reikningi, kveðst alls ekki hafa ritað nafn sitt á reikninginn. Minnst hann þó þess, að hann hafi eitt sinn haustið 1950 farið á dansleik, sem haldinn var í Sjálfstæðishúsinu, og setið þar við borð ákærða Sigurðar o. fl. Annars hefur nefndur Pedersen tekið fram, að hann hafi gerzt talsvert ölvaður á dansleik þessum, og muni hann því illa það, sem þar gerðist, annað en það, að hann hafi þar ekki ritað nafn sitt undir neina yfirlýsingu.

Þykir þá næst rétt að víkja nokkuð að framburðum hinna ákærðu um margnefndan reikning, yfirlýsinguna á honum, nafnritanirnar á honum og skýringu ákærðu á því orðalagi á kærinni til lögreglustjóra, að nefndir menn hafi ritað nöfn sín á reikninginn og vottorð um, að rétt sé, að áfengisflaskan, sem þar ræðir um, hafi verið afgreidd á sérstökum tíma.

Í réttarhaldi þann 19. janúar 1951 ber ákærði Sigurður, að hann hafi beitt sér fyrir því, að m. a. bréfið til lögreglustjóra, sem tilgreint er hér að framan, var ritað, og segist hann ekki vita annað en að það sé efnislega rétt. Í framburði ákærða í þessu réttarhaldi kemur það og fram, að um það leyti, sem umrætt bréf var samið og sent lögreglustjóra, vann ákærði Sigurður að því að afla sannana fyrir því, að samskonar misferli ætti sér stað í Sjálfstæðishúsinu og þá var búið að kæra veitingahúsið í Tívoli fyrir, að þar viðgengist, m. a. að afgreitt væri þar áfengi á öðrum tímum en heimilt er lögum samkvæmt, en ákærði Sigurður var starfsmaður siðarnefnda veitingahússins.

Í réttarhaldi þann 20. september s.l. segir ákærði Sigurður, að hann hafi sjálfur skrifað nöfnin, sem standa á vinstri jaðri reikningsins frá Sjálfstæðishúsinu um kaup á hálfri flösku af aqua vitae, þ. e. nöfnin Pigi. Júl., Pedersen, Heklu, og Unnur Magnúsdóttir þar fyrir neðan. Nöfn þessi segist ákærði Sigurður hafa skrifað sér til minnis, þar eð fólk þetta hafi auk þeirra Fanneyjar Eysteinsdóttur og Jóns Gunnlaugssonar, sem rituðu sjálf nöfn sín á reikninginn, setið við borðið, sem hin hálf áfengisflaska var afgreidd á. Í þessu réttarhaldi lýsti ákærði Sigurður einnig yfir því, að hann hefði skrifað yfirlýsinguna á margnefndan reikning, áður en þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson skrifuðu

undir hana, og telur hann þeim þá hafa verið ljóst efni yfirlýsingarinnar og hafi þau skrifað undir hana án nokkurrar tregðu.

Í réttarhaldi þann 7. nóvember s.l. kvaðst ákærði Sigurður aldrei hafa haldið því fram, að þau Pedersen og Unnur Magnúsdóttir (og er þar átt við konu hans, meðákærðu, þótt hún heiti raunverulega Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir) hefðu vottað með nafnritun sinni, að umrædd hálfflaska af áfengi hefði verið afgreidd á þeim tíma, sem tilgreindur er á reikningnum, sem nöfn þeirra standa á, heldur að þau myndu geta borið um og vottað, að svo væri, sem í reikningnum segir. Hélt ákærði Sigurður því einnig fram í þessu réttarhaldi, að í kæru þeirra ákærðu til lögreglustjóra, dags. 13. sept. 1950, segði aðeins, að þau Pedersen o. fl. myndu geta vottað þetta, en ekki, að þau hefðu vottað þetta með undirskrift sinni á umræddan reikning.

Í réttarhaldi daginn eftir (8. nóv. s.l.) heldur ákærða Guðfinna nákvæmlega því sama fram og maður hennar, meðákærði Sigurður, þ. e. að hún hafi ekki lýst yfir því í kæru sinni og manns síns, dags. 13. september 1950, að Pedersen matsveinn á m/s Heklu hafi ritað nafn sitt undir yfirlýsingu um, að áfengisflaskan, sem þar er rætt um, hafi verið afgreidd á borð þeirra meðákærða Sigurðar á þar tilgreindum tíma, heldur segi í kæru þeirra, að m. a. Pedersen muni geta vottað, að flaskan hafi verið afgreidd á þar tilgreindum tíma, en alls ekki, að hann (Pedersen) hafi vottað þetta með undirskrift sinni. Í þessu sama réttarhaldi tók ákærða Guðfinna einnig fram, að hún myndi greinilega eftir því, að maður hennar, meðákærði Sigurður, ritaði nafn Pedersens, Heklu, nafn hennar sjálfrar og sitt eigið nafn á reikninginn yfir umrædd áfengis kaup, og einnig kveðst ákærða hafa séð, þegar þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson rituðu sjálf nöfn sín á reikninginn.

Í réttarhaldi þann 25. janúar s.l. og 21. marz s.l. var sú spurning lögð fyrir ákærðu, við hverja þau ættu, þar sem talað er um í niðurlagi margumræddrar kæru þeirra til lögreglustjóra (dags. 13. sept. 1950), að nefndir menn hafi ritað nöfn sín á reikninginn yfir áfengis kaupin, sem fylgdi kæru þeirra, og var þeim jafnframt bent á, að fyrr í þessari sömu kæru þeirra sé talað um, að Jón Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, Fanney Eysteinsdóttir, Laufásvegi 27, og Pedersen nokkur, 1. matsveinn á m/s Heklu, muni geta vottað, að áfengisflaskan, sem í kærinni er fjallað um, hafi verið afgreidd á vissum tíma. Einnig var þeim ákærðu bent á í þessu sambandi, að í kæru þeirra sé minnst á, að Björgvin Lúthersson, Bræðraborgarstíg 29, og Halldór Magnússon, Lækjargötu 4 í Hafnarfirði, hafi verið áhorfendur að því, að áfengisflaskan hafi verið afgreidd á sérstökum tíma. Spurningu þessari svaraði ákærði Sigurður þannig, að með „nefndum mönnum“ ætti hann einungis við þau, sem raunverulega rituðu nöfn sín á reikninginn, sem vísað var til í kæru hans og konu hans, þ. e. þau Jón Gunnlaugsson og Fanneyju Eysteinsdóttur, en hin nöfn á reikninginn hafi hann sjálfur skrifað sér til minnis, eins og áður segir. Svar ákærðu Guðfinnu við þessari spurningu var hins vegar, að með „nefndum

mönnum“ teldi hún vera átt við þá Jón Gunnlaugsson og mann sinn, ákærða Sigurð.

Þá voru ákærðu og spurð um það í fyrrnefndum réttarhöldum, hvort þeim fyndist ekki setningin í kærinni til lögreglustjóra, að „nefndir menn“ hafi ritað nöfn sín á reikninginn, sem fylgdi kærinni, til þess fallin að villa um fyrir þeim, sem ókunnugir væru þessum nafnaritunum, þannig að þeim skildist, að með „nefndir menn“ væri átt við alla þá, sem í kærinni eru nefndir og nýlega eru nefndir hér að framan.

Bæði hafa ákærðu svarað þessari spurningu á þá leið, að þeim fyndist þetta orðalag ekki til þess fallið að villa um fyrir neinum, sem kærana lesa.

Í réttarhaldinu þann 25. janúar s.l. skýrði ákærði Sigurður frá því, að hann hefði ekki sjálfur samið kærana til lögreglustjóra, dags. 13. sept. 1950, heldur hafi Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gert það fyrir sig eftir beiðni sinni, en sjálfur kveðst ákærði Sigurður hafa undirritað skjalið og kynnt sér efni þess áður.

Þegar athugað er orðalagið „nefndir menn“ í niðurlagi margnefndrar kæru ákærðu til lögreglustjóra með tilliti til þess, að vitnað er í kærinni í skjal, þar sem standa samtals fimm nöfn, verður varla talið verða hjá því komizt að líta svo á samkvæmt almennri málvenju, að „nefndir menn“ eigi við alla þá, sem fyrr í kærinni eru nefndir, eða a. m. k. eigi þessi orð við alla þá, sem nafngreindir eru á reikningnum, sem fylgdi kærinni, og í er vitnað í niðurlagi kærinnar og sagt er þar, að ritað hafi nöfn sín á reikninginn og vottorð um, að rétt sé, að áfengisflaska hafi verið afgreidd á sérstökum tíma.

Ekki er það talið vera á færi dómsins að geta sér til um né staðhæfa samkvæmt því, sem fram hefur komið við rannsókn málsins, hvaða hugsun hafi legið bak við orðalagið „nefndir menn“ hjá ákærðu, er þau undirskrifuðu kærana til lögreglustjóra, en þar standa þessi orð, og er það þó engan veginn fullyrt, að ekki sé sannleikanum samkvæmt sú staðhæfing hinna ákærðu, að „nefndir menn“ eigi aðeins að vísa til Jóns Gunnlaugssonar og Fanneyjar Eysteinsdóttur, að því er ákærði Sigurður ber, og hins vegar Jóns Gunnlaugssonar og ákærða Sigurðar, að því er ákærða Guðfinna ber. — Aðeins er komizt að þeirri niðurstöðu, að hafi hin ákærðu viljað vera örugg um, að orðin „nefndir menn“ yrðu ekki talin vísa til allra þeirra nafna, sem nokkrum línun frammar í kærinni eru nefnd, hafi verið eðlilegt og raunar nauðsynlegt að geta þess sérstaklega, hvað af þeim nöfnum, sem nýnefnd voru í kærinni, væri átt við með „nefndir menn“. Í þessu sambandi má og benda á, að óeðlilegt er það samkvæmt íslenskri málvenju að tala um „menn“, ef aðeins er átt við einn karlmann og eina konu, en ákærði Sigurður kveðst einmitt með þessu orði (menn) hafa átt við karl og konu (Jón Gunnlaugsson og Fanneyju Eysteinsdóttur) og þau aðeins, þótt frammar í kærinni sé nefndur í sömu andránni og þau annar karlmaður („Pedersen nokkur“ o. s. frv.).

Nærri óskiljanlegur virðist sá skilningur ákærðu Guðfinnu á því, við hverja hún eigi með orðunum „nefndir menn“, er hún telur þessi orð

aðeins vísa til eins manns af því fólki, sem nefnt er í kærinni, svo og vísa til manns síns, ákærða Sigurðar, sem þó er hvergi nefndur í marg-umræddri kærni nema sem kærandi eða frumkvöðull þess, að kærni eða vottorðið kemur fram.

Samkvæmt framansögðu þykja því orðin „nefndir menn“ með tilliti til þess, í hvaða sambandi þau standa, ekki verða skilin á annan veg en þann, að þau vísi a. m. k. til Jóns Gunnlaugssonar, Pedersens og Fanneyjar Eysteinsdóttur, en af því leiðir, að sú staðhæfing ákærðu um, að „nefndir menn“ hafi ritað nöfn sín á hann (reikninginn) og vottorð um, að rétt sé, að flaskan hafi verið afgreidd til þeirra á ofangreindum tíma, er röng, því að enginn ágreiningur er um, að Pedersen hafi ekki skrifað nafn sitt á reikninginn og ekkert vottorð á hann með nafnritun sinni.

Með skírskotun til þessa teljast því ákærðu hafa gerzt sek við 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa yfirlýsingu, sem að þessu leyti (þ. e. um nafnritun Pedersens) er röng.

Þykir refsing þeirra samkvæmt nefndri hegningarlagagrein eftir atvik-um og með tilliti til þess, að ekki þykir ósennilegt, að ákærðu hafi e. t. v. ekki gert sér fyllilega grein fyrir, hvað þau voru að undirrita, þegar þau skrifuðu undir umrædda kærni, fremur en að þau hafi beinlínis ætlað að gefa ranga yfirlýsingu, sbr. hér 6. tölul. 70. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin þannig, að ákærðu greiði hvort 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þau hvort sína sekt með varðhaldi í 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykja hér efni til þess samkvæmt því, sem sannað telst í máli þessu, að svipta hin ákærðu borgararéttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga.

Hin ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.00.

Við ákvörðun málsvarnarlaunanna er höfð hliðsjón af því m. a., að vörn sú, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, fjallar að miklu leyti um efni, sem ekki þykja snerta málið beinlínis.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri málsins, og stafar hann af fram- lengdum fresti, sem verjanda ákærðu var veittur til að skila vörn sinni, svo og af því, að ákærða Guðfinna var sjúk, þegar taka þurfti af henni framhaldsrannsókn um málið, og drógust framhaldsprófin í um tvo mán- uði þess vegna.

Dómsorð:

Ákærðu, Sigurður Norðmann Júlíusson og Guðfinna Eugénía Magnúsdóttir, greiði hvort 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þau sektina með varðhaldi í 5 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þau greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin máls- varnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.